

Sp.

11. Tillaga til þingsályktunar

[11. mál]

um endurmat á störfum kvenna.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Kristín Halldórsdóttir,
Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að nú þegar skuli hafist handa við að endurmeta störf og laun kvenna hjá ríkinu, hvort heldur um er að ræða störf kvenna í félögum ríkisstarfsmanna eða öðrum stéttarfélögum. Alþingi leggur á það áherslu að við slíkt endurmat verði nýtt verðgildi starfa lagt til grundvallar og að umönnunar-, uppeldis- og þjónustupættir kvennastarfa verði metnir til jafns við ábyrgðar- og frumkvæðisþætti hefðbundinna karlastarfa. Hið nýja starfsmat skal liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 1987.

Greinargerð.

Árið 1976 voru fyrst sett lög hér á landi um jafnan rétt kvenna og karla. Í þessum lögum og þeim endurbótum, sem á þeim voru gerðar vorið 1985, er skýrt kveðið á um að óheimilt sé að mismuna fólki eftir kynferði hér á landi, „konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf“, eins og segir í 4. gr. núgildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Því miður taka þessi lög ekki tillit til þeirrar staðreyndar að verðmæti starfa er háð mati hverju sinni og því hafa löggin ekki reynst þess megnug að leiðrétta það kynbundna launamisrétti sem nú viðgengst á vinnumarkaðnum í skjóli verðmætamats sem metur hefðbundin karlastörf herra en hefðbundin kvennastörf.

Í skýrslu Bygðastofnunar *Vinnumarkaðurinn 1984: Mannafli, meðallaun, atvinnuþátt-taka*, útg. febr. 1986, kemur fram að karlar höfðu að meðaltali 57% hærri laun á ársverk en konur árið 1984. Raunar eru það aðeins 14 ára unglingspiltar og 75 ára karlar og eldri sem fá lægri meðallaun á ársverk en sem nemur meðallaunum allra kvenna (sjá fylgiskjal). Einnig kemur fram að konur hópast í ákveðnar starfsgreinar, einkum þjónustu- og umönnunar-störf, og að meðaltekjur kvenna hækka minna með aldri en meðaltekjur karla. Í síðustu kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins var engin tilraun gerð til að endurmeta kvenna-störfin eða til þess að hækka konur í launum á einhvern hátt þannig að vísast er útkoman svipuð hvað varðar meðallaun eftir kyni í ár og hún var árið 1984.

Tilgangur þessarar tillögu er að taka á þessu kynbundna launamisrétti og fá því til leiðar komið að þau störf sem konur inna af hendi verði metin til jafns við þau störf sem karlar stunda. Því er lagt til að nú þegar skuli hafist handa við gagngert endurmat á störfum og launum kvenna sem hjá ríkinu starfa og að þeir þættir sem einkum einkenna kvennastörfin, þ.e. umönnunar-, uppeldis- og þjónustupættir, verði í nýju starfsmati metnir til jafns við ábyrgðar- og frumkvæðisþætti hefðbundinna karlastarfa. Þessir þættir kvennastarfanna, sem margir eru þeir sömu og í hinum hefðbundnu heimilisstörfum, eru vissulega engu síður mikilvægir en þeir þættir karlastarfa sem skila körlum meira en helmingi hærri launum en konum að meðaltali þó mikið skorti á að það sé viðurkennt á borði ekki síður en í orði. Við slíkt vanmat hefðbundinna kvennastarfa verður ekki lengur unað og því er þessi tillaga flutt.

Tillagan nær eingöngu til þeirra sem hjá ríkinu starfa og er hugsuð sem skref í átt að gagngeru endurmati á störfum kvenna á vinnumarkaðnum. Nái hún fram að ganga á hún að geta komið öllum launakonum til góða þar sem samtök launafólks geta á grundvelli hennar samið um sambærilegar leiðréttingar á verðgildi kvennastarfa á hinum almenna vinnumarkaði. Í raun er hér lagt til að ríkið gangi á undan með góðu fordæmi og endurmeti kvennastörfin í sínum eigin ranni, með það í huga að slíkt endurmat verði einnig tekið upp á hinum almenna vinnumarkaði.

Hjá ríkinu starfa nú 6000 konur og 3495 karlar í 14 félögum ríkisstarfsmanna. Hjá launadeild fjármálaráðuneytisins fengust eftirfarandi upplýsingar um skiptingu stöðugilda og yfirvinnu í launaflokka eftir kynjum. Meðal þeirra sem fá greidd laun skv. kjarasamningi BK (Bandalagi kennarafélaga) eru aðeins 83 stöðugildi af 1618 stöðugildum kvenna sem ná þeim meðallaunum eða hærri sem körlum innan félagsins eru greidd. Yfirvinnugreiðslur til kvenna eru þar 22% af dagvinnulaunum á móti 48,7% hjá körlum. Innan BHMR eru þau stöðugildi kvenna sem ná meðallaunum karla í félaginu eða þar yfir 84 af 805 stöðugildum kvenna alls. Yfirvinnugreiðslur til kvenna eru þar 31,7% af dagvinnulaunum á móti 42,1% hjá körlum. Innan BSRB eru það 1116 stöðugildi kvenna af 3945 sem ná meðallaunum karla innan félagsins eða þar yfir og þar eru yfirvinnugreiðslur til kvenna 33,2% af dagvinnulaunum á móti 65,5% hjá körlum. Í heildina eru það því aðeins 1283 stöðugildi kvenna af 6368 alls eða um 20% sem ná meðallaunum karla í þessum félögum eða þar yfir og yfirvinnugreiðslur til karla eru í öllum tilvikum hærri en til kvenna. Að auki starfa hjá ríkinu um 1500 félagar í verkakvinnafélögum Sókn, Framsókn og Framtíðinni, nánast eingöngu konur. eru þeim greidd laun samkvæmt töxtum þessara félaga en þeir eru meðal þeirra lægstu á landinu. Það er því ljóst að launamunur eftir kynjum er umtalsverður hjá ríkinu og stjórnvöldum skylt að ráða þar tafarlaust bót á vilji þau að tilgangur þeirra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem þau hafa sjálf sett sé í heiðri hafður.

Tekið skal fram að til kvennastarfa teljast þau störf þar sem konur eru a.m.k. helmingur þeirra sem störfin hafa með höndum. Þeir karlar sem slíkum störfum sinna njóta vitaskuld einnig þeirra kjarabóta sem það endurmat kvennastarfa sem hér er lagt til gæti haft í för með sér.

Hvað varðar framkvæmd tillögunnar er eðlilegast að félagsmálaráðherra skipi starfshóp til að annast verkið í samráði og samstarfi við þau hagsmunasamtök sem hlut eiga að máli. Æskilegast væri að hið nýja starfsmat gæti legið fyrir fyrir lok nógildandi samningstímabils og verið til viðmiðunar við gerð næstu kjarasamninga. Þar sem slík tímasetning getur ekki talist raunhæf er lagt til að starfsmatið liggi fyrir eigi síðar en 1. júní 1987.

Eins og áður segir er það eitt af markmiðum nógildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að konur og karlar standi jafnt að vígi á vinnumarkaðnum. Raunveruleikinn er þó annar eins og hér hefur verið lýst. Með því endurmati á störfum og launum kvenna sem hér er lagt til er leitast við að framkvæma þá hugsun sem í gildandi jafnréttislögum býr að konum og körlum skuli ekki mismunað eftir kynferði á vinnumarkaðnum.

Fylgiskjal.

Meðallaun á ársverk eftir kyni.

Úr Vinnumarkaðurinn 1984: Mannafli, meðallaun, tekjur.
Bygðastofnun, febr. 1986.

**MEÐALLAUN EFTIR KYNI OG ALDRI
ÁRIÐ 1984**

Aldur	Karlar	Konur	Karlar og konur
<= 14	138	138	138
15-19	268	220	247
20-24	349	243	303
25-29	402	266	348
30-34	435	271	373
35-39	452	270	384
40-44	455	268	380
45-49	446	259	368
50-54	422	254	353
55-59	400	249	341
60-64	368	240	320
65-69	329	228	295
70-74	291	224	274
>= 75	242	209	234
Meðallaun	396	253	339

**MEÐALLAUN EFTIR KYNI OG ALDRI
ÁRIÐ 1984**

